

Tillögur að breytingum á reglugerð til samræmis við breytingar á lögum Delta Kappa Gamma á Íslandi á landssambandsþingi 13.maí 2023

Grein 1C er nú:

Inntaka félagskvenna Deildarfundur skal ræða fjölgun félagskvenna og fyrir hvaða svið fræðslumála vanti einna helst fulltrúa, þannig að sem mest breidd sé í bakgrunni deildarkvenna. Félagskonur í deild gera tillögur til stjórnar um hvaða konum þær mæla með í deildina. - Stjórnin tekur endanlega ákvörðun um hverjar skulu bornar upp til samþykktar. Greiða skal atkvæði um tillögurnar og ákveður hver deild hvernig kosningu skal hagað. Ef fleiri konur eru bornar upp til samþykktar á sama fundi, skal greiða atkvæði um hverja fyrir sig. Við val félagskvenna og inntöku skal taka mið af handbók Delta Kappa Gamma, kaflanum um féлага og inntöku þeirra. Taka skal væntanlega félagskonu inn í deild með formlegum hætti eigi síðar en ári eftir að henni hefur verið boðin þátttaka í DKG. ~~Hún telst félagskona í deild þegar greitt hefur verið inntökugjald.~~ Tilkynna skal nýja féлага til stjórnar landssambandsins, gjaldkera landssambandsins og féлага- og útbreiðslunefndar.

Lagt er til að næst síðasta setningin verði felld út þar sem inntökugjald hefur verið fellt niður. Setningin er yfirstrikuð í textanum.

Grein 1F er nú

F. Inntaka félagskvenna að nýju

Veita má fyrrverandi félagskonu inngöngu að nýju í þá deild sem hún óskar að gerast félagi í. Sótt er um skriflega til stjórnar viðkomandi deildar . Umsækjandi telst ~~þar með fullgildur félagi~~ þegar viðtökudeild hefur samþykkt beiðina. ~~og þarf hvorki að fara í inntökufélli né greiða inntökugjald.~~ Tilkynna þarf landssambandsstjórn, féлага- og útbreiðslunefnd og alþjóðasambandinu að félagskona hafi að nýju gengið í samtökin.

Lagt er til að bæta við því sem rauðletrað er í textanum til að ekki leiki vafi um að viðkomandi deild ber að svara slíkri beiðni.

Þá er einnig lagt til að það sem er yfirstrikað falli út.

Grein 2 B. sem er nú „Inntökugjald Inntökugjald er 10 dollarar. Það skiptist þannig: 1. Deild 5,0 dollarar 2. Landssamband 2,5 dollarar 3. Alþjóðasamband 2,5 dollarar 4. Sérstakt inntökugjald er innheimt fyrir heiðursfélaga”

Breytingatillaga er að greinin falli niður þar sem inntökugjald hefur verið fellt niður og aðrar greinar fái ný númer til samræmis við það.